

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs frá Önnu Claessen árið 1942.

Tekjur:

1. Eignir frá fyrra ári:			
a. 9 bankavaxtabréf á kr. 500.00	kr. 4500.00		
b. 1 ríkisskuldabréf á	— 500.00		
c. Innstæða í sparisjóði Sauðárkróks	— 4.87		
			kr. 5004.87
2. Vextir:			
a. af bankavaxtabréfum	kr. 215.00		
b. af ríkisskuldabréfi	— 22.50		
c. af innstæðu í sparisjóði Sauðárkróks	— 1.41		
			— 238.91
3. Gjöf			— 50.00
			Kr. 5293.78

Gjöld:

1. Styrkur veittur 2 sjúklingum	kr. 175.00		
2. Greitt bráðabirgðalán f. f. á.	— 45.00		
3. Eignir í árslok:			
a. 9 bankavaxtabréf á kr. 500.00	kr. 4500.00		
b. 1 ríkisskuldabréf á	— 500.00		
c. Innstæða í sparisjóði Sauðárkróks	— 73.78		
			— 5073.78
			Kr. 5293.78

Sauðárkróki, 12. marz 1943.

Elinborg Jónsdóttir.

Sigríður Sigtryggsdóttir.

Reikning þenna höfum við yfirfarið og borið saman við bækur sjóðsins og höfum ekkert við hann að athuga.

Stefanía Arnórsdóttir.

Margrét Hemmert.

REGLUR

um viðskipti talstöðva í íslenskum skipum.

Með tilliti til þess ástands, er nú ríkir, og samkvæmt 10. gr. reglugerðar frá 4. maí 1943, um notkun loftskýtastöðva og talstöðva, eru hér með settar eftirfarandi reglur um rekstur talstöðva í íslenskum skipum.

1. Allt tal frá talstöðvum við eða til manna í landi, beint eða óbeint, er bannað.
2. Öll viðskipti við land fari fram um strandarstöðvar landssímans og sé í skeytaformi. Afrit af skeytunum sendist póst- og símamálastjórninni strax eftir hver mánaðamót.
3. Öll samtöl milli skipa fari aðeins fram á 188 metra öldulengd, en þó skal 181,8 metra öldulengd notuð til þess, að kalla á aðrar stöðvar og til neyðarþjónustu. Má einungis nota þá öldulengd til þess.